Reykjavíkurborg

Reykjavík, 29. maí 2018
R18040126
6622

Borgarráð

***Tillaga um úthutun úr Miðborgarsjóði 2018***

Á fundi verkefnisstjórnar Miðborgarmála þann 09. maí sl. voru kynntar umsóknir sem bárust í Miðborgarsjóð í aðra úthlutun sjóðsins, en auglýst var eftir styrkjum frá 07. apríl 2018 til og með 29. apríl 2018. Alls bárust 30 umsóknir um styrki úr sjóðnum samtals að fjárhæð um 75 m.kr. Til úthlutunar úr Miðborgarsjóði eru skv. fjárhagsáætlun 2018 30 m.kr. Á fundi verkefnisstjórnarinnar þann 09. maí sl. voru kynntar tillögur að úthlutun og þær í kjölfarið samþykktar og afgreiddar til borgarráðs.

Lagt er til að eftirtalin verkefni fái styrk úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2018, fjárhæðir í krónum talið:

| | |
|---|---|
| Gönguleiðir í miðborg. | 700,000 |
| Lifandi dagskrá í Grandagarði 27 - ókeypis og öllum aðgengileg! | 500,000 |
| Tveirheimar - Qigong og Tai-chi | 500,000 |
| Jaðarlistahátíð | 1,000,000 |
| Jól í hjarta Reykjavíkur | 1,900,000 |
| Hamingjuhjól | 500,000 |
| ÍBM – Heil brú og umhverfisgöngur | 1,400,000 |
| Kátt á Klambra - barnafestival | 1,000,000 |
| Samgöngustaður í Fógetagarði | 500,000 |
| Mosatré - Mosaveggur | 1,000,000 |
| Miðborgin okkar – fjölbreytt verslun og þjónusta í miðborginni, markaðssetning og kynning. | 21,000,000 |
| Samtals: | 30,000,000 |

Nánari upplýsingar um verkefnin sem verkefnisstjórnin leggur til að verði styrkt má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins.

Stefán Eiríksson, Borgarritari

Hjálagt:
Yfirlitsskjal - styrkir úr miðborgarsjóði 2018.

| Verkefni | Umsækjandi | Stutt samantekt | Sótt um | Úthlutun |
|---|---|---|---|---|
| Gönguleiðir í miðborg | Wapp Walking app ehf | **Styrkt er: Þróun á þremur ólíkum gönguleiðum um miðborg Reykjavíkur og frí áskrift af þeim í eitt ár fyrir notendur.** Gönguleiðirnar hæfa allri fjölskyldunni sem og erlendum ferðamönnum. Gönguappið Wapp – Walking app (Wappið) er með samtals yfir 19.000 notendur. **Gönguleið Nr. 1** fjallar um ólíkan arkitektúr í miðbænum og þróun húsagerðar í Reykjavík. **Gönguleið Nr. 2** fjallar um styttur bæjarins og útilistaverk, viðfangsefnið og listamennina á bak við verkin. **Gönguleið Nr. 3** fjallar um sögu húsa og tiltekinna íbúa þeirra eða atvinnustarfsemi með það í huga að notendur fái einhverja innsýn í það sem fólk var að fást við á hverjum tíma. | 911,500 | 700,000 |
| Lifandi dagskrá fyrir alla í Grandagarði 27 | Open hópurinn | **Styrkt er: Lifandi viðburðardagskrá í Grandagarði sem er vinnustofa og sýningarými Open hópsins. Dagskrá stendur út árið 2018.** Markmið verkefnissins er að velta upp spurningum um sýningarformið og sinna list sem þarfnast sveigjanleika sem ekki er mögulegur innan annarra stofnanna eða samhengis. Open hópurinn hefur það að leiðarljósi að festa Grandann í sessi sem hluti miðborgarinnar. Skilmálar: Umsækjendum verður kynntur sá möguleiki að sækja um styrk hjá Menningar og ferðamálaráði í haust fyrir viðburðinn árið 2019. | 1,500,000 | 500,000 |
| Qigong og Tai-chi | Tveirheimar | **Styrkt er: Kynningarátak og bæklingagerð um Qigong og Tai-chi** sem verður kennt tvisvar í viku (á Þriðjudögum og Fimmtudögum kl 11:00) á Klambratúni frá 19 júní til 23 ágúst. | 500,000 | 500,000 |
| Jaðarlistahátíð | Menningarfélagið Víðhygli | **Styrkt er: Jaðarlistahátíð í Reykjavíkurborg í júlímánuði undir nafninu Reykjavík Fringe Festival, eða Rvk Fringe til styttingar.** Opnunarhóf hátíðarinnar verður 1. júlí, en hátíðin sjálf fer fram milli 4. og 8. júlí á hinum ýmsu stöðum innan borgarinnar, m.a. á Hlemmur Square, Tjarnarbíó, Iðnó, Gauknum, Dillon og Icelandic Craft Bar. Hátíðin er í samstarfi við aðrar hátíðir á Norðurlöndum, og partur af Nordic Fringe Network. Skilmálar: Forsvarskonum verkefnissins verður kynnt að sækja um styrk hjá Menningar og ferðamálaráði í haust fyrir hátíðina árið 2019. | 2,000,000 | 1,000,000 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jól í hjarta Reykjavíkur | Jól í hjarta Reykjavíkur / RaTaTam | **Styrkt er: Verkefnið JÓL Í HJARTA REYKJAVÍKUR - Jóladagatal og aðventustundir fjölskyldunnar í Reykjavík við Tjörnina.** Hátíðlegt, fallegt, fræðandi, fyndið, fordæmisgefandi og fjölbreytt jóladagatal ásamt aðventustundum í Tjarnarbíó.<br>Verkefnið „Jól í hjarta Reykjavíkur" er þverfaglegt og miðar að því að efla, gleðja og þroska. Verkefnið er tvíþætt og skiptist í rafrænt jóladagatal sem birtist á Tjarnarbíóvefnum og aðventuviðburði sem haldnir verða í Tjarnarbíó.<br>Skilmálar: Vinna með viðburðarteymi MOF og tengja viðburðinn við Jólaborgina Reykjavík. Miðborgarsjóður styrkir hátíðina um 2.000.000 með þeim forsemdum að ekki verði selt inn á hátíðina heldur verður hún öllum opin. | 2,500,000 | 1,900,000 |
| Hamingjuhjól | JCI Esja | **Styrkt er: Uppsetning og hönnun á hamingjuhjóli sem er lukkuhjól þar sem tilgangurinn er að gleðja**. Það er aldrei of mikil gleði og ánægja í lífi okkar og það er alveg meiriháttar þegar maður nær líka að gleðja aðra. Um það snýst hamingjuhjólið – að gleðja fólkið í borginni, gangandi vegfarendur miðborgarinnar. Skilmálar: Umsækjendum verkefnissins verður kynnt að það þarf að finna staðsetningu fyrir hamingjuhjólið í samráði við verkefnastjóra borgarhönnunar. | 540,000 | 500,000 |
| Heil brú (málþing) og umhverfisgöngur | Íbúasamtök Miðborgar | **Styrkt er: Tvö sérstök verkefni sem unnin eru af íbúasamtökum miðborgar. Verkefnin eru fjögur málþing og Umhverfisgöngur sem er samstarfsverkefni íbúa miðborgar, umhverfis og skipulagssviðs og verkefnastjóra miðborgarmála.** Miðborgin verður fyrir annarri áreiti en önnur hverfi borgarinnar. Miðborgin er hverfi íbúa þess og rekstraraðila en á sama tíma miðborg allra landsmanna. Það er því mikilvægt að íbúasamtök miðborgar fái styrk frá miðborgarsjóði til að viðhalda fjölbreytileika í búsetu og vinna markvisst að því að fegra umhverfið sérstaklega fyrir skemmdarverkum af völdum veggjakrots svo eitthvað sé nefnt. Miðborgina sækja einnig, samkvæmt tölum frá höfðuborgarstofu, um 95% þeirra ferðamanna sem koma til Íslands og er ásýnd miðborgarinnar mikilvæg fyrir heildarupplifun þeirra sem og allra Íslendinga.<br>Skilmálar: Verkefnin verði unnin í samvinnu við verkefnastjóra miðborgarmála. | 2,000,000 | 1,400,000 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kátt á Klambra - Barnafestival | Barnafestival | **Styrkt er: Barnahátíðin Kátt á Klambra** sem haldin er í þriðja sinn á Klambratúni sumarið 2018. Svæðið er hannað út frá þörfum barna og gert ævintýralegt þar sem þau fá tækifæri til þess að leika sér út frá sínum eigin forsendum. Um 3.000 gestir sóttu hátíðina heim og þá fjölbreyttu dagsskrá sem boðið var uppá fyrir börn á aldrinum 0-13 ára.<br>Skilmálar: Miðborgarsjóður styrkir hátíðina um 1.000.000 gegn því að ekki verði selt inn á hátíðina heldur verður hún öllum opin. | 1,000,000 | 1,000,000 |
| Samkomustaður í Fógetagarði | Sóley Minerals | **Styrkt er: Aðlaðandi samkomustaður í sumar fyrir alla gesti þeirra rekstaraaðila er koma að hinum fallega fógetagarði.** Markmiðið er að sporna við væntanlegri röskun sem fylgir framkvæmdum á Landsímareitnum. Komið verður upp smekklegum bekkjum, stólum og lítilli yfirbyggingu sem nýtist sem regnskýli. Fegrun umhverfisins verða í fyrirrúmi og kapp verður lagt á að halda garðinum hreinum, fallegum og fullum af lífi.<br>Skilmálar: Umsækjendum verkefnissins verður gert skylt að vinna að útliti svæðisins með verkefnastjóra borgarhönnunar og vernda þær minjar sem eru á reitnum samkvæmt skilmálum afnotaleyfis. | 1,000,000 | 500,000 |
| Mosatré - Mosaveggur | Portland ehf | **Styrkt er: Að setja upp svokölluð "mosa-tré" eða "mosa-veggi" sem ekki aðeins lita og lífga uppá miðborgina heldur hreinsa líkaþá mengun sem er í loftið.** Verkefnið snýr að hreinsun loftmengunar með mosa í aðalhlutverki.<br>Skilmálar: Óskað er eftir því við umsækjendur að vinna með svæði þar sem álag af skemmdarverkum af völdum veggjakrots er mikið. | 3,530,000 | 1,000,000 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbreytt verslun og þjónusta í miðborginni, markaðssetning og kynning. | Miðborgin okkar | **Styrkt er: Samstarfsvettvangur rekstar- og hagsmunaðila í miðborginni.** Markmið félagsins er að efla markaðshlutdeild og standa vörð um sérstöðu miðborgarinnar ásamt því að ná farsælli sátt um þau meginmál er varða miðborgina. Vernda fjölbreytileika verslunar og þjónustu. Helstu þættir kostnaðaráætlunar eru:<br>Útgáfa nýrrar heimasíðu<br>Markaðs og kynningarstarf, ásamt hönnun og birtingu auglýsinga og kynningarefnis<br>Útgáfa gjafakorta<br>Viðburðir sem laða að og auka verslun á miðborgarsvæðinu<br>Viðhorfskannanir<br>Samræming og samvinna rekstaraðila á miðborgarsvæðinu<br>Skilyrði: Aukin samvinna með viðburðarteymi Menningar og ferðamálasviðs, verkefnastjóra miðborgarmála og verkefnisstjórn miðborgar ásamt breytingum á rekstrarfyrirkomulagi. | 23,000,000 | 21,000,000 |
| | | **Samtals** | **38,481,500** | **30,000,000** |